



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. Þ 130/263

komudagur 24.11.2003

Nefndasvið Alþingis
Félagsmálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 20.11.2003

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 163 um aðbúnað skipverja á hafi úti og í höfn (1987), 48 mál.

Á þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) 1987 var samþykkt nr. 163 um aðbúnað skipverja á hafi úti og í höfn samþykkt. Af hálfu Íslands var þetta þing ILO ekki sótt.

Alþýðusamband Íslands styður eindregið að samþykkt þessi verði fullgilt hér á landi og tekur undir rök flutningsmanna. ASÍ bendir jafnframt á, að samkvæmt b. lið 5.mgr. 19.gr. stofnskrár ILO ber stjórnvöldum að leggja samþykktir ILO þá er þær hafa verið samþykktar fyrir viðeigandi stofnanir eða stjórnvöld með það fyrir augum að fullgilda þær með lagasetningu eða á annan hátt. Þetta ákvæði 19.gr. stofnskrárinnar felur það í sér að aðildarríki stofnunarinnar skuli leggja nýjar samþykktir fyrir og taka afstöðu til þess hvort fullgilda beri þær og þá hvernig eða hvort ekki skuli fullgilt. Í febrúar 1988 var skýrsla um 74 þing ILO lögð fyrir Alþingi. Þar er gerð grein fyrir Samþykkt 163 en engin afstaða tekin til þess hvort eða hvernig skuli fullgilda svo sem skylt er. Brýna nauðsyn ber því til þó seint sé að stjórnvöld taki formlega afstöðu til samþykktarinnar og geri Alþingi að svo búnu grein fyrir afstöðu sinni og rökum fyrir henni, þannig að þessi samþykkt ILO hljóti þá meðferð sem mælt er fyrir um í stofnskrá ILO.

F.h. Alþýðusambands Íslands,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ